

Ágætu íbúar Dalvíkurbyggðar

Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar um hvernig á að skrá börnin ykkar í gegnum ÆskuRækt. ÆskuRæktin er ekki flókið fyrirbæri og er leið til að fá hluta af æfingargjöldum niðurgreidd af Dalvíkurbyggð.

ÆskuRæktin hefur verið í gangi í töluverðan tíma en raunin er því miður sú að ekki allir nýta sér þennan frábæra valkost sem Dalvíkurbyggð býður upp á.

Okkar von er sú að leiðbeiningarnar sem fylgja hér, verði til þess að allir noti ÆskuRæktina og borgi fyrir vikið lægri æfingargjöld.

Styrkurinn er 1700 kr. á mánuði og er hægt að nota í allt að þremur tólmstundum hverju sinni. Fyrir hvern mánuð sem líður innan þess tólmstundar sem barnið þitt stundar, dregst 1700 kr. af heildarstyrknum. Það þýðir að því fyrr sem þú gengur frá skráningu, því hærri styrk munt þú fá. Íþrótt- og æskulýðsráð hefur samþykkt að þessi styrkur verði 1800 kr. frá næstu áramótum.

Almennar leiðbeiningar um ÆskuRækt

1. Ferð á vefsíðuna www.dalvikurbyggd.is
2. Hægra megin fyrir miðju er stika sem stendur á „Mín Dalvíkurbyggð“




3. Eftir að hafa ýtt á „Mín Dalvíkurbyggð“ birtist þessi mynd:



4. Næst er innskráning með íslykli. Á myndinni fyrir ofan sést hvar skal innskrá. (Þeir sem eiga ekki íslykil geta pantað hann á island.is)

Þá birtist þessi mynd ↓



Athugið að einnig er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum

5. Eftir innskráningu með Íslykli birtist þessi mynd



6. Hér er ýtt á ÆskuRæktarhnappinn sem er vinstra megin fyrir miðju

7. Þá birtist þessi mynd og er mikilvægt að ýta á myndina af

Dalvíkurbyggðarmerkinu



8. Núna ert þú kominn inn í ÆskuRæktina og velur þann fjölskyldumeðlim sem þú ætlar að skrá á námskeið.